

Malbikunarstöð Hlaðbær-Colas hf  
Gullhelli 1  
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 13. desember 2019  
UST201911-035/F.T.  
08.06.02

### Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 8. nóvember sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila vegna fráviks sem skráð var í eftirliti dags. 6. september 2019.

#### Frávikin eru eftirfarandi:

1. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I-V, skal hafa gilt starfsleyfi sem Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefndir gefa út, sbr. þó 8. gr. Á lóðinni að Silfurhelli 3 er rekin starfsleyfisskyld starfsemi án starfsleyfis. **Rekstraraðili hefur nú sótt um starfsleyfi vegna starfseminnar.**

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en fylgst verður með því að framgangur starfsleyfisumsóknarinnar hafi eðlilegan hraða. Málið verður skoðað að nýju í byrjun febrúar 2020.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 36.900 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis